

68.fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 1. nóvember 2016 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Kristjana Helga Ólafsdóttir formaður
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir
Kristján Sveinsson
Margrét Magnúsdóttir
Hallveig Skúladóttir hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

- 1) **Vistunarmál**
Samþykkt vistun eins einstaklings, sjá trúnaðarbók.
- 2) **Viðburðaryfirlit**
Lagt fram viðburðaryfirlit fyrir tímabilið 5.september til 31.október 2016.
- 3) **Rekstraryfirlit Höfða 1.janúar til 30.september 2016**
Lagt fram.
- 4) **Rammasamningur við Sjúkratryggingar Íslands**
Stjórn Höfða samþykkir aðild Höfða að rammasamningi við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu hjúkrunarheimila sem gildir frá 1.1.2016 til 31.12.2018.
- 5) **Samkomulag um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga B-deilda lífeyrissjóða milli ríkis og sveitarfélaga frá 28.10.2016**
Stjórn Höfða fagnar nýgerðu samkomulagi um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila sem rekin eru af eða á ábyrgð sveitarfélaga. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að gera samninga um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum Höfða við hlutaðeigandi lífeyrissjóði á grundvelli samkomulagsins.
- 6) **Fjárhagsáætlun 2017-2020**
Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemi 829,1 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nemi 801 mkr. Afskriftir nema 25,3 mkr. og fjármagnsliðir nema nettó 17,3 mkr. Tap af rekstri nemi 14,5 mkr. Handbært fé frá rekstri nemi 23,2 mkr., fjármögnunarhreyfingar nemi 16,6 mkr. Hækkun á handbæru fé nemi 6,6 mkr. og að handbært fé í árslok verði 151,5 mkr. Lögð fram ásamt greinargerð framkvæmdastjóra til fyrri umræðu.

Kristjana Helga Ólafsdóttir
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir
Kristján Sveinsson
Margrét Magnúsdóttir
Hallveig Skúladóttir
Kjartan Kjartansson

7) Kostnaðaráætlun vegna breytinga á húsnæði

Framkvæmdastjóri lagði fram nýja kostnaðaráætlun vegna breytinga á húsnæði.
Stjórn Höfða samþykkir tillöguna.

8) Önnur mál

a) Bréf ársráðgjafarnefndar dags. 6.9.2016

Stjórnin staðfestir afgreiðslu milli funda um styrk að fjárhæð kr. 400.000.

Fjárhæðinni verði ráðstafað af liðnum „1975 starfsmannafagnaðir“.

b) Beiðni um launalaust leyfi.

Stjórnin getur ekki orðið við erindinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.40

Dríshanna H. Dalsdóttir
Hilmar Guðsson
Olíva Ingebjörg Gunnarsd.
Halverg Skuladóttir
Magnæt Magnadóttir
Vindur Vindur